

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags 2010 leggur áherslu á að í komandi kjarasamningum verði sótt af hörku í útflutningsgreinum sem nú njóta verulegs hagnaðar m.a. af skráningu gengis. Ráðstefnan beinir því til aðalsamninganefndar félagsins að halda samningsumboði heima í héraði þar sem því verður við komið og að tryggt verði að komandi kjarasamningar haldi og að þeir verði ekki skertir á samningstímabilinu eins og gerðist varðandi samninga sem nú eru að renna sitt skeið.

Kjaramálaráðstefna AFLs krefst þess að kaupmáttur komandi samninga verði tryggður út samningstímabil og hvetur samninganefndir félagsins til að leggja áherslu á að launahækkningar komi á kauptaxta og að lögð verði áhersla á að hækka lægstu laun umfram önnur enda eru lægstu laun kauptaxta svo lág að þau duga engan veginn til framfærslu.

Samninganefndir félagsins eru hvattar til að skoða möguleika á starfsgreinasamningum þar sem unnt er að koma þeim við og freista þess að ná vinnustaðasamningum sem víðast.

Þá telur ráðstefnan brýnt að stefnt sé óhikað að því markmiði að launafólk á Íslandi njóti sambærilegra lífsgæða og í nágrannalöndunum – þ.e. að hafa lífsviðurværi af dagvinnu og því sé brýnt að hækka dagvinnulaun verulega og stefna að 38 stunda vinnuviku

Kjaramálaráðstefna AFLs telur brýnt að launþegahreyfingin nái saman um sameiginleg úrlausnarmál og komi sameinuð fram í samningum við ríkisvald og atvinnurekendur í málum eins og úrlausn á skuldavanda heimila, verndun velferðarkerfisins og atvinnuuppbyggingu. Ráðstefnan telur brýnt að verkalýðshreyfingin og stjórnvöld nái að endurnýja traust á milli aðila, sem hefur beðið mikinn hnekki með vanefndum stjórnvalda á stöðugleikasáttmálanum.

Aukin samvinna sveitarfélaga á Austurlandi er brýnt að mati ráðstefnugesta. Sérstaklega eru sveitarfélög hvött til að efla mjög samvinnu í félagsþjónustu og auka faglega hæfni og samræma verklag og reglur um allt Austurland. Ennfremur telur ráðstefnan brýnt að efla mjög atvinnuþróunavinnu og starf Þróunarfélags og Nýsköpunarmiðstöðvar og beina sjónum enn frekar að jaðarbyggðum Austurlands sem setið hafa eftir í þeirri atvinnuuppbyggingu sem verið hefur á Mið Austurlandi þar sem fjölbreytni hefur vaxið og atvinnuöryggi aukist.

Varðandi atvinnuuppbyggingu leggur Kjaramálaráðstefnan áherslu á enn frekari samgöngubætur og eflingu á háhraðaneti og öðrum samskiptakerfum. Ennfremur að áfram verði unnið að eflingu menntunar og menningar og áhersla verði lögð á nálægð framhaldsskóla fyrir ungmenni fjórðungsins.

Ráðstefnan vekur athygli á jákvæðum áhrifum uppbyggingar háskóla- og þekkingarnets á samfélagið og atvinnusköpun sem fylgir slíkri uppbyggingu.

Kjaramálaráðstefna AFLs hvetur til þess að reynt verði að jafna aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis hvað varðar aðgang að þjónustu og bendir á að fyrir fólk úr hinum dreifðu byggðum fylgir því verulegur kostnaður að sækja sjálfsagða heilbrigðisþjónustu eða sjálfsagða endurmenntun. Ráðstefnan krefst þess að unnið verði að stefnumótun á því hvernig unnt sé að jafna þennan aðstöðumun út.

Ennfremur vekur ráðstefnan athygli á því að þrátt fyrir umtalsverða atvinnuuppbyggingu á t.d. Vopnafirði er ekki hægt að fá fyrirgreiðslu til byggingar íbúðarhúsnæðis þar eða á öðrum minni stöðum. Bent er á að fólk á þessum stöðum er látið gjalda offjárfestingar á Mið Austurlandi eða á

höfuðborgarsvæðinu. Skortur á húsnæði á nokkrum minni staða Austurlands er að verða þessum stöðum erfiður þar sem ungt fólk fæst ekki til að setjast að vegna húsnæðisleysis.